

Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu 2023-2026 – umsögn starfsfólks á miðlunarsviði Menntamálastofnunar.

Starfsfólk á miðlunarsviði Menntamálastofnunar fagnar því að fram séu komin drög að aðgerðaráætlun í málefnum íslenskrar tungu. Íslensk tunga er kjarni alls skólastarfs hér á landi. Í nútímasamfélagi þar sem breytingar eru hraðar, bæði í samsetningu samfélagsins og í rafvæddum heimi þar sem enskan er alls ráðandi, er mikilvægt að markvisst sé hlúð að því örtungumáli sem íslenskan er. Því fleiri, betri og auðsóttari tækifæri sem fólki eru gefin til að stunda nám í íslensku og ekki síst möguleika til að nota hana í samfélaginu þeim mun líklegra er að vegur hennar vaxi. Rannsóknir í menntakerfinu hafa sýnt að nemendur sem hafa íslensku sem annað mál njóta ekki jafnræðis á við samnemendur sína hvað varðar tækifæri til náms. Það er því gleðiefni að sérstök áhersla skuli vera lögð á þennan hóp í aðgerðaráætluninni. Í athugasemdum okkar viljum við benda á mikilvægar aðgerðir sem ekki eru nefndar í núverandi drögum.

Það er til marks um samheldnina í þessum drögum að tillögurnar dreifast á mörg ráðuneyti og stofnanir enda eru víða tækifæri til aðgerða. Við viljum hvetja hlutaðeigandi til að greina mögulega samlegð verkefna og að halda virku samtali milli aðila. Má þar sem dæmi annars vegar nefna aðgerð 14 um eflingu íslenskuhæfni starfsfólks í leik- og grunnskólum og frístundastarfi sem mennta- og barnamálaráðuneyti ber ábyrgð á og aðgerð 1 um starfstengt íslenskunám fyrir innflytjendur samhliða vinnu sem félags- og vinnumarkaðsráðuneyti ber ábyrgð á. Hins vegar aðgerð 10 um upplýsingagátt með aðgengi að orðabókum og aðgengilegum máltæknilausnum sem Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ber ábyrgð á og aðgerð 16 um framtíð máltækni sem er á byrgð menningar- og viðskiptaráðuneytisins. Í öllum tilfellum eru verkefnin þörf og í réttum höndum en mikilvægt er að halda samtali virku þannig að ekki sé verið að margvinna sömu lausnir. Æskilegt væri að setja á fót teymi ábyrgðaraðila til að tryggja samvinnu, yfirsýn og skilvirkni.

Þar sem um umfangsmiklar og víðtækar aðgerðir er að ræða viljum við taka undir þær ábendingar sem hafa borist um að gott væri að láta fjárhagsáætlun fylgja með þar sem hún mun marka ramma verkefnanna. Jafnframt er ljóst að þær fjárhæðir sem fara í inngildinguna einstaklinga í íslenskt málsamfélag munu skila sér margfalt til baka, bæði samfélagslega og fjárhagslega.

Í þriðju aðgerð sem fjallar um virkjun samevrópska tungumálarammans er gert ráð fyrir að unnið verði að prófabanka í íslensku sem öðru tungumáli. Þar stendur „Samtímis verði unnið að þrepaskiptri hæfnilýsingu í íslensku sem öðru máli sem verði ígildi námsskrár meðan á innleiðingu prófanna stendur.“ Ekki kemur fram fyrir hvaða skólastig „ígildi námskrár“ á að vera en að öllum líkindum er átt við námskrá fyrir fullorðna námsmenn. Það er mjög jákvætt að verið sé að setja íslenskunám fullorðinna í faglegan farveg. Brýnt er að það sé skýrt að hér sé ekki átt við námskrár á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi því umfjöllun um nám nemenda á þeim skólastigum á heima í aðalnámskrám þeirra skólastiga. Leik-, grunn- og framhaldsskólar starfa allir eftir aðalnámskrám sem byggja á stefnu menntayfirvalda hverju sinni. Námsefni og kennsluhættir í skólum landsins eiga að þróast í takt við innihald gildandi aðalnámskráa eftir að þær eru innleiddar.

Æskilegt er að í aðgerðaráætlun um íslenska tungu 2023-2026 sé umfjöllun um aðalnámskrár leik- grunn- og framhaldsskóla. Í aðalnámskrá framhaldsskóla er íslenska sem annað mál aðeins nefnd í kafla um undanþágur. Þar er líka fjallað um móttökuáætlanir og annað sem snýr að þörfum þess nemendahóps sem á annað móðurmál en íslensku. Þetta á heima í kjarnahluta námskrárinnar en þörf er á að endurskoða aðalnámskrá framhaldsskóla með tilliti til gjörbreytts samfélags og innleiða þær breytingar á faglegan hátt.

Mikilvægar breytingar á aðalnámskrám leik- og grunnskóla, er varða börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn, tóku gildi 2021. Þessar breytingar voru unnar á grunni samevrópska tungumálarammans. Innleiðing á þessum breytingum var hvorki fjármögnuð né skipulögð með formlegum hætti. Þetta hefur haft þær afleiðingar að fjölmargt fagfólk í íslenskum skólum veit ekki af þessum breytingum og skapar það ójöfnuð í skólstarfi.

Enn er rými fyrir öflugra innleiðingu á þessum námskrábreytingunum sem myndi stuðla að meiri jöfnuði og betri þjónustu fyrir nemendur. Yfirvöld þurfa að setja aukinn kraft í starfsþróun kennara og fagfólks skólanna. Einnig þarf að þróa fjölbreytt og vönduð námsgögn og stuðningsefni fyrir nemendur. Ný stofnun, sem stendur til að taki við af Menntamálastofnun, getur orðið lykilaðili í slíkri vinnu þar sem hún mun gegna þjónustuhlutverki við alla skóla landsins. En til þess þarf aukið fjármagn og fleira starfsfólk með sérhæfða þekkingu á málaflokknum til starfa hjá stofnuninni.

Varðandi miðlægt námsmat í íslensku sem öðru tungumáli í grunnskólum er mikilvægt að það verði þróað samhliða námsmati í öðrum námsgreinum. Í aðalnámskrá grunnskóla er gert ráð fyrir að nemendur sem eru byrjendur í tungumálinu fái að læra íslensku sem annað mál í allt að fjögur ár en að þeim loknum stundi þeir nám í íslensku eftir sömu hæfniviðmiðum og aðrir jafnaldrar. Nú þegar er hafin þróun Matsferils, staðlað námsmatskerfi, sem grunnskólar munu geta nýtt sér til að meta stöðu nemenda á samræmdan hátt. Íslenska sem annað tungumál er undirstöðunámsgrein fyrir ákveðinn nemendahóp í allt að 4 ár. Brýnt er að hún fái viðurkenningu sem slík og að hægt verði að meta framfarir í íslensku sem öðru tungumáli með sama hætti og í öðrum kjarnanámsgreinum.

Ekki hefur verið um miðlægt námsmat að ræða í framhaldsskólum. Framhaldsskólar á Íslandi eru mjög sjálfstæðir og ólíkir og geta ráðið sínu námsframboði að miklu leyti. Vitað er að ekki allir framhaldsskólar (og í raun örfáir) bjóða upp á nám fyrir nemendur með takmarkaða íslenskukunnáttu og hér þarf að gera gangskör. Í aðgerðaráætluninni mætti leggja til að fleiri framhaldsskólar bjóði upp á nám í íslensku sem öðru tungumáli og standi faglega að móttöku og inngildingum nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Í því samhengi leggur Menntamálastofnun einnig áherslu á áframhaldandi vinnu við innleiðingu og þróun stöðumats barna með erlendan bakgrunn. Stöðumatið snýst um að fyrri þekking, styrkleikar og bakgrunnur nemenda séu til hliðsjónar við gerð námsáætlana í grunn- og framhaldsskólum. Verkefnið þarf að setja í forgang til að tryggja aukinn jöfnuð í skólstarfi.

Skólabókasöfn gegna mikilvægu hlutverki í að efla íslenskunám og læsi nemenda í víðum skilningi. Söfnin stuðla að fjölbreytni í kennsluháttum og bæta aðgengi allra nemenda að námi við hæfi. Það er því fagnaðarefni að kortleggja eigi safnkost og vinna viðmið um gæði með áherslu á þjónustu við fjölbreyttan hóp nemenda. Söfnin hafa mörg hver búið við þröngan kost og takmarkaðar fjárveitingar sl. ár og þörf á að gera bót þar.

Ánægjulegt er að aðgerðaráætlun geri ráð fyrir vefgátt til að þróa frekar miðlun rafræns námsefnis fyrir öll skólastig. Mikið af gæðanámsefni á íslensku verður til á ári hverju á vegum ríkisins og annarra útgefenda sem þarft er að gera aðgengilegt á einfaldan máta. Slík vefgátt mun auka yfirsýn og auðvelda gagnaöflun um efni sem gefið er út. Þannig fást vísbendingar um þarfir og möguleika í stefnumótun. Mikilvægt er að leik-, grunn- og framhaldsskólakennarar hafi aðgengi að gæðanámsefni á íslensku. Menntamálastofnun hefur til þessa nánast eingöngu gefið út námsefni fyrir grunnskólastigið. Hér er kjörið tækifæri til að efla samstarf ólíkra aðila og tryggja gerð og miðlun gæðanámsefnis fyrir öll skólastig sem yrði aðgengilegt þeim sem stunda nám á íslensku hvar sem er í heiminum.

Samhliða skilvirkri, miðlægru miðlun er mikilvægt að huga að áframhaldandi þróun, framleiðslu og aðgengi nemenda að íslenskum kennsluforritum og leikjavefjum. Leik- og grunnskólakennarar hafa

bent á að börn og unglingar noti í síauknum mæli ensku í tali og leik. Tölvuleikir sem börn sækja í eru í miklum meirihluta á ensku og þau eru umvafin enskunni í margs konar afþreyingarefni. Í nýlegri könnun Menntamálastofnunar, þar sem svarendur voru starfandi grunnskólakennarar, kom fram að vegna skorts á íslenskum kennsluvefjum og gagnvirku efni í skólakerfinu eru notuð erlend smáforrit og leikjavefir til að uppfylla mismunandi þarfir nemenda og nýta fjölbreytta kennsluhætti. Í námsgögnum og námsumhverfi barna og unglinga er mikilvægt að gera íslenskunni hátt undir höfði og bjóða upp á úrval stafræns námsefnis. Kennarar ættu að geta sótt í slíkt hlaðborð á íslensku. Það er von okkar að vefgáttin verði uppspretta fjölbreytts úrvals gæðanámsefnis.

Starfsfólk á miðlunarsviði Menntamálastofnunar fagnar drögum að aðgerðaráætlun, telur þau vel til þess fallin að styrkja stöðu íslenskunnar og vonast til að athugasemdir þær sem hér hafa verið tíundaðar fái hljómgrunn.

Fyrir hönd starfsfólks á miðlunarsviði Menntamálastofnunar  
Katrín Friðriksdóttir, sviðsstjóri miðlunarsviðs